


Sveigjanleg starfslok og atvinnumál 60 ára og eldri

Ráðstefna 25. nóvember 2014.


Hvernig gerum við eldra fólk samkeppnishæfara á vinnumarkaði?.

- ▶ Jón H. Magnússonar lögfræðingur

Ráðning starfsmanna

- ▶ Margir þeirra sem ráða fólk til starfa eru um þrítugt.
 - ▶ Er hugsanlegt að þeir ráði einkum fólk sem er yngra en þeir eða á svipuðum aldri?
 - ▶ Fróðlegt væri að kanna hvort eitthvað er hæft í framangreindri tilgátu.
- 

Afstaða til 60 ára og eldri

- ▶ Sumir virðast telja 60 ára og eldri vera komna á grafarbakkan.
 - ▶ Ekkert að undra því við munum sjálf að okkur fannst fólk sem var 20 – 30 árum eldra en við vera öldungar.
 - ▶ Reyndin er önnur og eldra fólk hefur ýmsa hæfni og kosti sem myndu nýtast vel í starfi.
- 

Er þetta ímynd yngra fólks á 60 ára og eldri?

Væri ekki líklegra að þessi væri um nírátt?



Er þessi nær raunveruleikanum?


Gæti verið um sextugt, ekki satt?




Heilsufar og þekking.

- ▶ 60 ára og eldri eru við betri heilsu í dag en fyrir 30 – 40 árum.
- ▶ Hafa mikla starfsreynslu en takmarkaða tölvuþekkingu.
- ▶ Yngri hafa yfirburði í tölvuþekkingu en ekki í starfsreynslu.
- ▶ Hóparnir vega því hvorn annan upp, sem nýtist fyrirtækinu vel.
- ▶

Veikindafjarvistir

- ▶ Fyrirfram var talið að eldra fólk væri meira frá vinnu vegna veikinda.
 - ▶ Við athugun 2008 kom í ljós að þeir yngri voru tvöfalt meira frá vinnu en þeir eldri.
 - ▶ Elstu starfsmennirnir 65 ára og eldri voru minnst frá vegna veikinda.
 - ▶ Veikindafjarvistir voru áberandi mestar í yngstu aldurshópunum 15 – 30 ára.
 - ▶ Kemur verulega á óvart þar sem haldið var að þetta væri heilsuhraustasti hópurinn.
- 

Mismunandi tekjubörf

- ▶ Greiðslubyrði þeirra yngri er meiri.
 - ▶ Stofna heimili og koma þaki yfir höfuðið.
 - ▶ Verulegur hluti launa fer í framfærslu barna og afborgun húsnæðislána.
 - ▶ Heimilishaldið minna hjá þeim eldri.
 - ▶ Einn til tveir í heimili og skuldlaus fasteign.
- 


Samningsfrelsi eldri borgara

- ▶ Tillaga um að 60 ára og eldri fái fullt frelsi til að semja um laun og starfskjör sín.
- ▶ Afla þarf samþykkis aðildar-samtaka vinnumarkaðarins um heimild til að víkja frá ákvæðum kjarasamninga.
- ▶ Skilyrði frelsisins að gerður sé skriflegur ráðningarsamningur.
- ▶ Væri ekki fallist á 60 ára viðmið gæti það að minnsta kosti náð til eftirlaunaþega.


Samningar og lög

- ▶ Laun og önnur starfskjör sem aðilar vinnumarkaðarins semja um eru lágmarkskjör skv. lögum nr. 55/1980.
- ▶ Samningar um lægri laun en skv. kjarasamningi eru því ógildir.
- ▶ Munur á kjarasamningum og ráðningarsamningum.
- ▶ Kjarasamningar eru skriflegir samningar milli stéttarfélags og fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja.


Samningar og lög

- ▶ Ráðningarsamningar eru persónubundnir samningar milli einstaklings og vinnuveitanda um kaup og kjör starfsmanns.
 - ▶ Munnlegir samningar eru gildir en mælt með skriflegum samningum.
 - ▶ Í ágreiningsmálum er erfiðara að sanna efni þeirra munnlegu og því mælt með skriflegum.
- 


Eftirlaunaþegar

- ▶ Úr fullu starfi í ævilangt sumarfrí.
 - ▶ Langþráð breyting og tækifæri til að sinna áhugamálum sem hafa setið á hakanum og geta farið í ferðalög á hvaða tíma árs sem er.
 - ▶ Öðrum fer að leiðast.
 - ▶ Langar til að vera meira innan um fólk og sakna vinnufélaganna.
- 

Aukavinna eftirlaunaþega

- ▶ Sjálfböðavinna fyrir góðgerðarfélag og félagasamtök eins og Rauða krossinn.
 - ▶ Hugmyndir um 10 – 20 tíma vinnu í viku.
 - ▶ Fáir greitt tímakaup fyrir unninn tíma.
 - ▶ Ekki greidd veikindalaun.
- 

Aukavinna eftirlaunaþega

- ▶ Vinna utan dagvinnutíma og um helgar.
 - ▶ 80% hærra tímakaup en í dagvinnu skv. kjarasamningum.
 - ▶ Gætu hugsanlega sætt sig við lægra álag en 80% á tímakaup fyrir vinnu utan dagvinnutímabils og um helgar.
- 

Að lokum

- ▶ Framangreindar hugleiðingar miðast við það að gera eldra fólk eftirsóknarverðari starfshóp.
- ▶ Áhugaverð norsk síða um eldra fólk.
- ▶ Seniorpolitikk.no
- ▶ Koma upp hliðstæðri síðu á Íslandi.
- ▶ Yfirlit yfir einkarekna vinnumiðlanir á heimasíðu Vinnumálastofunar.